

REGLUGERÐ

um (28.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fódri.

1. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 833/2005 frá 31. maí 2005, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 943/2005 frá 21. júní 2005, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1200/2005 frá 26. júlí 2005, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1206/2005 frá 27. júlí 2005 sem vísað er til í II. kafla I. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2006, frá 11. mars 2006 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1458/2005 frá 8. september 2005, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1459/2005 frá 8. september 2005, sem vísað er til í II. kafla I. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/2006, frá 11. mars 2006, skulu öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af reglugerð þessari, II. viðauka samningsins, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans.

2. gr.

Um aukefni samkvæmt ofangreindum reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) vísast að öðru leyti til 13. gr. reglugerðar nr. 340/2001 og 3. viðauka sömu reglugerðar.

3. gr.

Ofangreindar reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) eru birtar sem fylgiskjöl við reglugerð þessa.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 24. janúar 2008.

F. h. r.

Sigurgeir Þorgeirsson.

Baldur P. Erlingsson.

Fylgiskjal 1.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 833/2005**

frá 31. maí 2005

um varanlegt leyfi fyrir aukefnum í fœðri

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fœðri ⁽¹⁾, einkum 3. gr. og 1. mgr. 9. gr. d,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fœðri ⁽²⁾, einkum 25. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er veitt leyfi fyrir aukefnum til nota í fœður.
- 2) Í 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 er mælt fyrir um bráðabirgðaráðstafanir vegna umsókna um leyfi fyrir aukefni í fœðri sem eru lagðar fram í samræmi við tilskipun 70/524/EBE fyrir gildistöku reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknir um leyfi fyrir aukefnum, sem eru skráð í viðaukunum við þessa reglugerð, voru lagðar fram fyrir gildistöku reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 4) Fyrstu athugasemdirnar um þessar umsóknir, eins og kveðið er á um í 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/524/EBE, voru sendar til framkvæmdastjórnarinnar fyrir gildistöku reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Því skal meðhöndla þessar umsóknir áfram í samræmi við 4. gr. tilskipunar 70/524/EBE.

5) Notkun ensímblöndu úr endó-1,3(4)-beta-glúkánasa, framleiddur með *Trichoderma longibrachiatum* (ATCC 2106), og endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með *Trichoderma longibrachiatum* (IMI SD 135), og alfa-amýlasa, framleiddur með *Bacillus amyloliquefaciens* (DSM 9553), var fyrst leyfð til bráðabirgða fyrir smágrísi, sem búið er að venja undan, með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2690/1999 ⁽³⁾. Lögð voru fram ný gögn til stuðnings umsókn um leyfi án tímamarka fyrir þá ensímblöndu. Mat hefur leitt í ljós að skilyrði fyrir slíku leyfi, sem sett eru í 3. gr. a í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa án tímamarka notkun þessarar ensímblöndu eins og tilgreint er í viðaukanum.

6) Notkun ensímblöndu úr endó-1,3(4)-beta-glúkánasa, framleiddur með *Trichoderma longibrachiatum* (ATCC 2106), endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með *Trichoderma longibrachiatum* (IMI SD 135), alfa-amýlasa, framleiddur með *Bacillus amyloliquefaciens* (DSM 9553) og fjölgalaktúrónasa, framleiddur með *Aspergillus aculeatus* (CBS 589.94), var fyrst leyfð til bráða-birgða fyrir smágrísi, sem búið er að venja undan, með reglugerð (EB) nr. 2690/1999. Lögð voru fram ný gögn til stuðnings umsókn um leyfi án tímamarka fyrir þá ensímblöndu. Mat hefur leitt í ljós að skilyrði fyrir slíku leyfi, sem mælt er fyrir um í 3. gr. a í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa án tímamarka notkun þessarar ensímblöndu eins og tilgreint er í viðaukanum.

7) Notkun ensímblöndu úr endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með *Trichoderma longibrachiatum* (ATCC 2105), og súbtilísíni, framleitt með *Bacillus subtilis* (ATCC 2107), var fyrst leyfð til bráðabirgða fyrir smágrísi, sem búið er að venja undan, með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1636/1999 ⁽⁴⁾. Lögð voru fram ný gögn til stuðnings umsókn um leyfi án tímamarka fyrir þá ensímblöndu. Mat hefur leitt í ljós að skilyrði fyrir slíku leyfi, sem mælt er fyrir um í 3. gr. a í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa án tímamarka notkun þessarar ensímblöndu eins og tilgreint er í viðaukanum.

⁽¹⁾ Stjótið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1800/2004 (Stjótið. ESB L 317, 16.10.2004, bls. 37).

⁽²⁾ Stjótið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽³⁾ Stjótið. EB L 326, 18.12.1999, bls. 33.

⁽⁴⁾ Stjótið. EB L 194, 27.7.1999, bls. 17.

- 8) Notkun ensímböndu úr endó-1,3(4)-beta-glúkanasa, framleiddur með *Trichoderma longibrachiatum* (ATCC 2106), og endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með *Trichoderma longibrachiatum* (ATCC 2105), var fyrst leyfð til bráðabirgða fyrir eldissvín með reglugerð (EB) nr. 1636/1999. Lögð voru fram ný gögn til stuðnings umsókn um leyfi án tímamarka fyrir þá ensímböndu. Mat hefur leitt í ljós að skilyrði fyrir slíku leyfi, sem mælt er fyrir um í 3. gr. a í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa án tímamarka notkun þessarar ensímböndu eins og tilgreint er í viðaukanum.
- 9) Notkun ensímböndu úr endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með *Trichoderma longibrachiatum* (ATCC 2105), var fyrst leyfð til bráðabirgða fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1411/1999⁽¹⁾. Lögð voru fram ný gögn til stuðnings umsókn um leyfi án tímamarka fyrir þá ensímböndu. Mat hefur leitt í ljós að skilyrði fyrir slíku leyfi, sem mælt er fyrir um í 3. gr. a í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa án tímamarka notkun þessarar ensímböndu eins og tilgreint er í viðaukanum.
- 10) Notkun ensímböndu úr endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með *Trichoderma longibrachiatum* (ATCC 2105), og endó-1,3(4)-beta-glúkanasa, framleiddur með *Trichoderma longibrachiatum* (ATCC 2106), var fyrst leyfð til bráðabirgða fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 418/2001⁽²⁾. Lögð voru fram ný gögn til stuðnings umsókn um leyfi án tímamarka fyrir þá ensímböndu. Mat hefur leitt í ljós að skilyrði fyrir slíku leyfi, sem mælt er fyrir um í 3. gr. a í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa án tímamarka notkun þessarar ensímböndu eins og tilgreint er í viðaukanum.
- 11) Athugun á umsóknunum sýnir að tilteknar aðgerðir eru nauðsynlegar til að vernda starfsmenn gegn váhrifum af aukefnunum sem eru tilgreind í viðaukanum. Slík vernd skal tryggð með beitingu tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum⁽³⁾.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnablöndurnar, sem tilheyra flokknum „ensím“ og tilgreindar eru í viðaukanum, eru leyfðar án tímamarka sem aukefni í föðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. maí 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjóð. EB L 164, 30.6.1999, bls. 56.

⁽²⁾ Stjóð. EB L 62, 2.3.2001, bls. 3.

⁽³⁾ Stjóð. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjóð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

VIÐAUKI

| EB-nr. | Aukefni | Efnafornúla, lýsing | Tegund eða flokkur dýra | Hámarksaldur | Lágmarksinnihald | Hámarksinnihald | Önnur ákvæði | Leyfi rennur út |
|---------------|--|--|-------------------------|--------------|--|-----------------|---|-----------------|
| | | | | | Virkeiningar/kg heilfóðurs | | | |
| Ensfím | | | | | | | | |
| E 1624 | Endó-1,3(4)-beta-glúkánasi EC 3.2.1.6 Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8 Alfa-amýlasi EC 3.2.1.1 | Efihablanda endó-1,3(4)-beta-glúkánasa, framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (ATCC 2106), endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (IMI SD 135), og alfa-amýlasa, framleiddur með <i>Bacillus amyloliquefaciens</i> (DSM 9553), með virkni að lágmarki: Endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 250 U (°)g Endó-1,4-beta-xýlanasi: 400 U (°)g Alfa-amýlasi: 1000 U (°)g | Smágrísir (vandr undan) | — | endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 250 U endó-1,4-beta-xýlanasi: 400 U alfa-amýlasi: 1000 U | — | 1. Í notunartölubéiningum með aukefninu og forhlöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggfun. 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilfóðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 250 U endó-1,4-beta-xýlanasi: 400 U alfa-amýlasi: 1000 U 3. Til nota í fôurbólöndur sem innihalda korn sem er aubugt af sterkju og fôðrum fjölskykrum (einkum arábínoxýlönun og beta-glúkónun), t.d. þær sem innihalda yfir 35% bygg. 4. Fyrir smágrísi, sem búið er að venja undan, þangað til þeir eru u.þ.b. 35 kg. | Án tímamarka |

| EB-nr. | Aukefni | Efniformúla, lýsing | Tegund eða flokkur dýra | Hámarksaldur | Lágmarksminnihald | | Hámarksminnihald | Ömur ákvæði | Leyfi rennur út |
|--------|--|--|--------------------------|--------------|-----------------------------------|--|--|--------------|-----------------|
| | | | | | Virkningargæð/kg heilfóðurs | Virkningargæð/kg heilfóðurs | | | |
| E 1625 | Endó-1,3(4)-beta-glúkánasi EC 3.2.1.6 | Efnablánda endó-1,3(4)-beta-glúkánasa, framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (ATCC 2106), endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (IMI SD 135), alfa-amýlása, framleiddur með <i>Bacillus amyloliquefaciens</i> (DSM 9553), og fjölgalakturnóasa, framleiddur með <i>Aspergillus aculeatus</i> (CBS 589.94), með virkni að lágmarki: | Smágrísir (vandir undan) | — | endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 150 U | — | 1. Í notunarléðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymslutíða, geymsluþol og þol við kögguln. 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilfóðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 150 U endó-1,4-beta-xýlanasi: 4000 U alfa-amýlasi: 1000 U fjölgalakturnóasi: 25 U | Án tímamarka | |
| | Fjölgalakturnóasi EC 3.2.1.15 | Endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 150 U (°)g Endó-1,4-beta-xýlanasi: 4000 U (°)g Alfa-amýlasi: 1000 U (°)g Fjölgalakturnóasi: 25 U (°)g | — | — | — | 3. Til nota í fôðurblöndur sem innihalda korn sem er auðugt af sterkju og óbrum fjölskykrum (einkum arabinosýlönnum og beta-glúkónum), t.d. þær sem innihalda yfir 20% bygg og 35% hveiti. 4. Fyrir smágrísi, sem búið er að venja undan, þangað til þeir eru u.p.b. 35 kg. | Án tímamarka | | |
| E 1626 | Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8 | Efnablánda endó-1,4-beta-xýlanasa, sem er framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (ATCC 2105), og súbtilisín, sem er framleitt með <i>Bacillus subtilis</i> (ATCC 2107), með virkni að lágmarki: | Smágrísir (vandir undan) | — | endó-1,4-beta-xýlanasi: 5000 U | — | 1. Í notunarléðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymslutíða, geymsluþol og þol við kögguln. 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilfóðurs: endó-1,4-beta-xýlanasi: 5000 U súbtilisín: 500 U | Án tímamarka | |
| | Súbtilisín EC 3.4.21.62 | Endó-1,4-beta-xýlanasi: 5000 U (°)g Súbtilisín: 500 U (°)g | — | — | — | 3. Til nota í fôðurblöndur, t.d. þær sem innihalda yfir 40% hveiti. 4. Fyrir smágrísi, sem búið er að venja undan, þangað til þeir eru u.p.b. 35 kg. | Án tímamarka | | |

| EB-nr. | Aukefni | Efniformúla, lýsing | Tegund eða flokkur dýra | Hámarksaldur | Lágmarks- | Hámarks- | Ónær ákveði | Leyfi rennur út |
|--------|--|---|-------------------------|--------------|--|----------|---|-----------------|
| | | | | | hald | hald | | |
| | | | | | Virkniefni/kg heilfóðurs | | | |
| E 1627 | Endó-1,3(4)-beta-glúkánasi EC 3.2.1.6 Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8 | Efniblanda endó-1,3(4)-beta-glúkánasa framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (ATCC 2106), og endó-1,4-beta-xýlanasa framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (ATCC 2105), með virkni að lágmarki: Endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 800 U (°)g Endó-1,4-beta-xýlanasi: 800 U (°)g | Eldssvín | — | endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 400 U endó-1,4-beta-xýlanasi: 400 U | — | 1. Í notkunarlöbningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymslutíða, geymsluþol og þol við köggfun. 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilfóðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 400 U endó-1,4-beta-xýlanasi: 400 U 3. Til nota í fóburböndur, auðugar af fjölskyrum öðrum en sterkju (einkum beta-glúkónum og arabínóxyfónum), í.d. þær sem innihalda yfir 65% bygg. | Án tímamarka |
| E 1628 | Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8 | Efniblanda endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (ATCC 2105), með virkni að lágmarki: Duffiformi: Endó-1,4-beta-xýlanasi: 2000 U (°)g Vökvaform: Endó-1,4-beta-xýlanasi: 5000 U/ml | Eldis- kjúklingar | — | endó-1,4-beta-xýlanasi: 500 U | — | 1. Í notkunarlöbningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymslutíða, geymsluþol og þol við köggfun. 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilfóðurs: endó-1,4-beta-xýlanasi: 500–2500 U 3. Til nota í fóburböndur, auðugar af fjölskyrum öðrum en sterkju (einkum arabínóxyfónum), í.d. þær sem innihalda yfir 55% hveiti eða 60% rúg. | Án tímamarka |

| EB-nr. | Aukefni | Efniformúla, lýsing | Tegund cobu flokkur dýra | Hámarksaldur | Lágmarks- | Hámarks- | Ömur ákveði | Leyfi rennur út |
|--------|--|--|--------------------------|--------------|----------------------------------|----------|---|-----------------|
| | | | | | hald | hald | | |
| | | | | | Virkniefningar/kg heilföðurs | | | |
| E 1629 | Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8 | Efnablenda endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiðdur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (ATCC 2105), og endó-1,3(4)-beta-glúkánasa, framleiðdur með <i>Tricho-derma longibrachiatum</i> (ATCC 2106), með virkni að lágmarki: | Eldis- kjúklingar | — | endó-1,4-beta-xýlanasi: 1250 U | — | 1. Í notkunarlöbveiningum með aukefninu og förböndunni skal tilgreina geymslútiða, geymsluþol og þol við köggulun. 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilföðurs: endó-1,4-beta-xýlanasi: 1250–2500 U endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 12–25 U 3. Til nota í fôðurböndur, auðugar af fjölskyrum öðrum en sterkju (einkum beta-glúkónum og arabínosýlónum), t.d. þær sem innihalda yfir 20% bygg og 40% hvetti | Án tímamarka |
| | Endó-1,3(4)-beta-glúkánasi EC 3.2.1.6 | Endó-1,4-beta-xýlanasi: 5000 U (°) / ml Endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 50 U (°) / ml | | | endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 12 U | | | |

(°) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol atoxandi sykri (glúkósafringilda) á minútu úr beta-glúkani úr þyggi við pH 5,0 og 30 °C.

(°) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol atoxandi sykri (sýlsajafingilda) á minútu úr xýlani úr hafrafisni við pH 5,3 og 50 °C.

(°) 1 U er magn þess ensíms sem lýfur 1 mikrómol glúkósafringa með vamsrófi á minútu úr vamsóleysalega, viðhengtu stíkjufjölbávarfenni við pH 6,5 og 37 °C.

(°) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómol atoxandi etnis (galaktósafringilda) á minútu úr fjöl-D-galaktósafringildum við pH 5,0 og 40 °C.

(°) 1 U er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrógramm fenólsambands (ýrósinjafingilda) á minútu úr kaseínvarfenni við pH 7,5 og 40 °C.

Fylgiskjal 2.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 943/2005**

frá 21. júní 2005

um varanlegt leyfi fyrir aukefnum í fódri

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

- 4) Fyrstu athugasemdirnar um þessar umsóknir, eins og kveðið er á um í 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/524/EBE, voru sendar til framkvæmdastjórnarinnar fyrir gildistökudag reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Því skal meðhöndla þessar umsóknir áfram í samræmi við 4. gr. tilskipunar 70/524/EBE.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fódri ⁽¹⁾, einkum 3. gr. og 1. mgr. 9. gr. d,

- 5) Notkun örverublöndu með *Enterococcus faecium* (NCIMB 10415) var fyrst leyfð til bráðabirgða fyrir eldiskjúklinga og eldissvín með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 866/1999 ⁽²⁾. Lögð voru fram ný gögn til stuðnings umsókn um leyfi án tímamarka fyrir þessa örverublöndu. Mat hefur leitt í ljós að skilyrði fyrir slíku leyfi, sem sett eru í 3. gr. a í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa án tímamarka notkun þessarar örverublöndu eins og tilgreint er í I. viðauka.

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fódri ⁽²⁾, einkum 25. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er veitt leyfi fyrir aukefnum til nota í fódur.
- 2) Í 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 er mælt fyrir um bráðabirgðarástafanir vegna umsókna um leyfi fyrir aukefni í fódri sem eru lagðar fram í samræmi við tilskipun 70/524/EBE fyrir gildistökudag reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknir um leyfi fyrir aukefnum, sem eru skráð í viðaukunum við þessa reglugerð, voru lagðar fram fyrir gildistökudag reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

- 6) Notkun ensímlöndu úr endó-1,3(4)-beta-glúkanasa og endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddir með *Penicillium funiculosum* (IMI SD 101), var fyrst leyfð til bráðabirgða fyrir varphænur og eldiskalkúna með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 418/2001 ⁽³⁾. Lögð voru fram ný gögn til stuðnings umsókn um leyfi án tímamarka fyrir þá ensímlöndu. Mat hefur leitt í ljós að skilyrði fyrir slíku leyfi, sem sett eru í 3. gr. a í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa án tímamarka notkun þessarar ensímlöndu eins og tilgreint er í II. viðauka.

- 7) Notkun ensímlöndu úr endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með *Trichoderma longibrachiatum* (CNCM MA 6-10 W), var fyrst leyfð til bráðabirgða fyrir eldiskalkúna með reglugerð (EB) nr. 418/2001. Lögð voru fram ný gögn til stuðnings umsókn um leyfi án tímamarka fyrir þá ensímlöndu. Mat hefur leitt í ljós að skilyrði fyrir slíku leyfi, sem sett eru í 3. gr. a í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa án tímamarka notkun þessarar ensímlöndu eins og tilgreint er í II. viðauka.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1800/2004 (Stjtið. ESB L 317, 16.10.2004, bls. 37).

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 (Stjtið. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8).

⁽³⁾ Stjtið. EB L 108, 27.4.1999, bls. 21.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 62, 2.3.2001, bls. 3.

- 8) Notkun ensímböndu úr endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með *Trichoderma longibrachiatum* (ATCC 2105), og súbtilisíni, framleitt með *Bacillus subtilis* (ATCC 2107), var fyrst leyfð til bráðabirgða fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1636/1999⁽¹⁾. Lögð voru fram ný gögn til stuðnings umsókn um leyfi án tímamarka fyrir þá ensímböndu. Mat hefur leitt í ljós að skilyrði fyrir slíku leyfi, sem sett eru í 3. gr. a í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa án tímamarka notkun þessarar ensímböndu eins og tilgreint er í II. viðauka.
- 9) Notkun ensímböndu úr endó-1,3(4)-beta-glúkanasa, framleiddur með *Trichoderma longibrachiatum* (ATCC 2106), og endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með *Trichoderma longibrachiatum* (IMI SD 135), var fyrst leyfð til bráðabirgða fyrir eldiskjúklinga með reglugerð (EB) nr. 1636/1999. Lögð voru fram ný gögn til stuðnings umsókn um leyfi án tímamarka fyrir þá ensímböndu. Mat hefur leitt í ljós að skilyrði fyrir slíku leyfi, sem sett eru í 3. gr. a í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa án tímamarka notkun þessarar ensímböndu eins og tilgreint er í II. viðauka.
- 10) Notkun ensímböndu úr 3-fýtasa, framleiddur með *Trichoderma reesei* (CBS 528.94), var fyrst leyfð til bráðabirgða fyrir smágrísi sem búið er að venja undan og eldissvín með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2374/98⁽²⁾. Lögð voru fram ný gögn til stuðnings umsókn um leyfi án tímamarka fyrir þá ensímböndu.

Mat hefur leitt í ljós að skilyrði fyrir slíku leyfi, sem sett eru í 3. gr. a í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa án tímamarka notkun þessarar ensímböndu eins og tilgreint er í II. viðauka.

- 11) Athugun á umsóknunum sýnir að tilteknar aðgerðir eru nauðsynlegar til að vernda starfsmenn gegn váhrifum af aukefnunum sem eru tilgreind í viðaukunum. Slík vernd skal tryggð með beitingu tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum⁽³⁾.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnablendan, sem tilheyrir flokknum „örverur“ og tilgreind er í I. viðauka, er leyfð án tímamarka sem aukefni í fódri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Efnablöndurnar, sem tilheyra flokknum „ensím“ og tilgreindar eru í II. viðauka, eru leyfðar án tímamarka sem aukefni í fódri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. júní 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 194, 27.7.1999, bls. 17.
⁽²⁾ Stjtið. EB L 295, 4.11.1998, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

I. VIÐAUKI

| EB-nr. | Aukefni | Efniformúla, lýsing | Tegund eða flokkur dýra | Hámarksaldur | Lágmarks- hald | | Hámarks- hald | Önnur ákvæði | Leyfi rennur út |
|----------------|--|---|-------------------------|--------------|------------------------|-------------------|---|---|-----------------|
| | | | | | Própfungsféði (CFU)/kg | Ílifóðs | | | |
| Örverur | | | | | | | | | |
| E 1705 | <i>Enterococcus faecium</i> NCIMB 10415 | Efnablanda með <i>Enterococcus faecium</i> sem inniheldur að lágmarki: Örþykjað form: $1,0 \times 10^{10}$ CFU/g aukefnis Kornað form: $3,5 \times 10^{10}$ CFU/g aukefnis | Eldiskjúklíngar | — | $0,3 \times 10^9$ | $2,8 \times 10^9$ | Í notkunarlöbningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggln. | Í notkunarlöbningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggln. Má nota í fôðurböndur sem innihalda hin leyfðu hráslalyf: diklasíríl, halófügnón, madúramísínammóníum, natríummónensín, róbenídín, natríumsalínómýsín. | Án tímamarka |
| | | | Eldissvín | — | $0,35 \times 10^9$ | $1,0 \times 10^9$ | Í notkunarlöbningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggln. | Án tímamarka | |

II. VIÐAUKI

| EB-nr. | Aukefni | Efniformúla, lýsing | Tegund eða flokkur dýra | Hámarksaldur | Hámarksinnihald | | Ónær ákvæði | Leyfi rennur út |
|--------------|--|---|-------------------------|--------------|---|----------------------------|--|-----------------|
| | | | | | Lágmarksinnihald | Virkeiningar/kg heilfóðurs | | |
| Ensím | | | | | | | | |
| E 1604 | Endó-1,3(4)-beta-glúkánasi EC 3.2.1.6 Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8 | Efnablanda endó-1,3(4)-beta-glúkánasa og endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddir með <i>Penicillium funiculosum</i> (IMI SD 101), með virkni að lágmarki: Dufform: endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 2 000 U (°)/g endó-1,4-beta-xýlanasi: 1 400 U (°)/g Vökvaform: endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 500 U/ml endó-1,4-beta-xýlanasi: 350 U/ml | Varpænur | — | Endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 100 U Endó-1,4-beta-xýlanasi: 70 U | — | 1. Í notunarléðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggfun. 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilfóðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 100 U endó-1,4-beta-xýlanasi: 70 U 3. Til nota í fôðurböndur, auðugar af fjölskykrum öðrum en sterkju (einkum beta-glúkónum og arabínóxyfónum), t.d. þær sem innihalda yfir 60% bygg eða 30% hveiti. | Án tímamarka |
| | | | Eldiskaikútar | — | Endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 100 U Endó-1,4-beta-xýlanasi: 70 U | — | 1. Í notunarléðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggfun. 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilfóðurs: endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 100 U endó-1,4-beta-xýlanasi: 70 U 3. Til nota í fôðurböndur, auðugar af fjölskykrum öðrum en sterkju (einkum beta-glúkónum og arabínóxyfónum), t.d. þær sem innihalda yfir 30% bygg eða 20% hveiti. | Án tímamarka |

| EB-nr. | Aukefni | Efnaformúla, lýsing | Tegund eða flokkur dýra | Hámarksaldur | Lágmarksimihald | | Hámarksimihald | Ömur ákveði | Leyfi rennur út |
|--------|--|--|-------------------------|--------------|--|------------|--|---------------|-----------------|
| | | | | | Virkisningarglág | heillföðus | | | |
| E 1613 | Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8 | Efnablöndu endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (CNCM MA 6-10 W), með virkni að lágmarki: Duftform: 70 000 IFP (3)/g Duftform: 7 000 IFP/ml | Eldiskalkúnur | — | 1400 IFP | — | 1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhlita, geymsluþol og þol við kögglnun. 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heillföðus: 1 400 IFP 3. Til nota í fôðurböndur, aubúgar af fjölskrum öðrum en sterkju (einkum arabínosýlonum), t.d. þær sem innihalda yfir 38% hveiti. | Án tímamarkna | |
| E 1630 | Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8 Subtilisin EC 3.4.21.62 | Efnablöndu endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (ATCC 2105), og subtilisins, framleitt með <i>Bacillus subtilis</i> (ATCC 2107), með virkni að lágmarki: endó-1,4-beta-xýlanasi: 5 000 U (¹)/g subtilisin: 1 600 U (¹)/g | Eldiskjúklíngar | — | Endó-1,4-beta-xýlanasi: 300 U Subtilisin: 160 U | — | 1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhlita, geymsluþol og þol við kögglnun. 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heillföðus: endó-1,4-beta-xýlanasi: 500-2 500 U subtilisin: 160-800 U 3. Til nota í fôðurböndur, t.d. þær sem innihalda yfir 65% hveiti | Án tímamarkna | |
| E 1631 | Endó-1,3(4)-beta-glúkánasi EC 3.2.1.6 Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8 | Efnablöndu endó-1,3(4)-beta-glúkánasa, framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (ATCC 2106), og endó-1,4-beta-xýlanasa, framleiddur með <i>Trichoderma longibrachiatum</i> (IMI SD 135), með virkni að lágmarki: endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 300 U (¹)/g endó-1,4-beta-xýlanasi: 300 U (¹)/g | Eldiskjúklíngar | — | Endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 300 U Endó-1,4-beta-xýlanasi: 300 U | — | 1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhlita, geymsluþol og þol við kögglnun. 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heillföðus: endó-1,3(4)-beta-glúkánasi: 300 U endó-1,4-beta-xýlanasi: 300 U 3. Til nota í fôðurböndur, aubúgar af fjölskrum öðrum en sterkju (einkum beta-glúkónum og arabínosýlonum), t.d. þær sem innihalda yfir 40% bygg. | Án tímamarkna | |

Fylgiskjal 3.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1200/2005**

frá 26. júlí 2005

um varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri og bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefnis sem þegar er leyft að nota í fóður

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, einkum 3. gr., 9. gr. a og 9. gr. d (1. mgr.),með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ⁽²⁾, einkum 25. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 5) Notkun vaxtarhvattans Formi LHS (kalíumdiformat) var fyrst leyfð til bráðabirgða fyrir smágrísi og eldissvín með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1334/2001 ⁽³⁾. Sá sem ber ábyrgð á að setja Formi LHS (kalíumdiformat) í dreifingu lagði fram umsókn um bráðabirgðaleyfi fyrir rýmkuðum að því er varðar notkun þess sem vaxtarhvata fyrir gyltur í fjögur ár, skv. 4. gr. þeirrar tilskipunar. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) hefur skilað álit um öryggi notkunar þessarar efnablöndu fyrir menn, dýr og umhverfið með þeim skilyrðum sem sett eru fram í I. viðauka við þessa reglugerð. Mat hefur leitt í ljós að skilyrði fyrir slíku leyfi, sem sett eru í 1. mgr. 9. gr. a í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar efnablöndu í fjögur ár eins og tilgreint er í I. viðauka.
- 6) Notkun örverunnar *Bacillus cereus* var. *toyoi* (NCIMB 40112/CNCM I-1012) var fyrst leyfð til bráðabirgða fyrir eldiskjúklinga og eldiskanínum með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1411/1999 ⁽⁴⁾. Lögð voru fram ný gögn til stuðnings umsókn um leyfi án tímamarka fyrir þessa örveru. Mat hefur leitt í ljós að skilyrði fyrir slíku leyfi, sem sett eru í 3. gr. a í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa án tímamarka notkun þessarar örverublöndu eins og tilgreint er í II. viðauka.
- 7) Notkun örverunnar *Enterococcus faecium* (NCIMB 10415) var fyrst leyfð til bráðabirgða fyrir gyltur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 866/1999 ⁽⁵⁾. Lögð voru fram ný gögn til stuðnings umsókn um leyfi án tímamarka fyrir þessa örveru. Mat hefur leitt í ljós að skilyrði fyrir slíku leyfi, sem sett eru í 3. gr. a í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa án tímamarka notkun þessarar örverublöndu eins og tilgreint er í II. viðauka.
- 1) Með reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er veitt leyfi fyrir aukefnum til nota í fóður.
- 2) Í 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 er mælt fyrir um bráðabirgðaráðstafanir vegna umsókna um leyfi fyrir aukefni í fóðri sem eru lagðar fram í samræmi við tilskipun 70/524/EBE fyrir gildistöðudag reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknir um leyfi fyrir aukefnum, sem eru skráð í viðaukunum við þessa reglugerð, voru lagðar fram fyrir gildistöðudag reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 4) Fyrstu athugasemdirnar um þessar umsóknir, eins og kveðið er á um í 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/524/EBE, voru sendar til framkvæmdastjórnarinnar fyrir gildistöðudag reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Því skal meðhöndla þessar umsóknir áfram í samræmi við 4. gr. tilskipunar 70/524/EBE.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1800/2004 (Stjtið. ESB L 317, 16.10.2004, bls. 37).⁽²⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 (Stjtið. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8).⁽³⁾ Stjtið. EB L 180, 3.7.2001, bls. 18. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 676/2003 (Stjtið. ESB L 97, 15.4.2003, bls. 29).⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 164, 30.6.1999, bls. 56.⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 108, 27.4.1999, bls. 21.

- 8) Notkun örverunnar *Enterococcus faecium* (DSM 10663/NCIMB 10415) var fyrst leyfð til bráðabirgða fyrir smágrísi með reglugerð (EB) nr. 1411/1999. Lögð voru fram ný gögn til stuðnings umsókn um leyfi án tímamarka fyrir þessa örveru. Mat hefur leitt í ljós að skilyrði fyrir slíku leyfi, sem sett eru í 3. gr. a í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa án tímamarka notkun þessarar örverublöndu eins og tilgreint er í II. viðauka.
- 9) Notkun örverunnar *Saccharomyces cerevisiae* (MUCL 39885) var fyrst leyfð til bráðabirgða fyrir smágrísi með reglugerð (EB) nr. 1411/1999. Lögð voru fram ný gögn til stuðnings umsókn um leyfi án tímamarka fyrir þessa örveru. Mat hefur leitt í ljós að skilyrði fyrir slíku leyfi, sem sett eru í 3. gr. a í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa án tímamarka notkun þessarar örverublöndu eins og tilgreint er í II. viðauka.
- 10) Notkun örverunnar *Saccharomyces cerevisiae* (CNCM I-1077) var fyrst leyfð til bráðabirgða fyrir mjólkurkúr og eldisnautgripi með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1436/98⁽¹⁾. Lögð voru fram ný gögn til stuðnings umsókn um leyfi án tímamarka fyrir þessa örveru. Mat hefur leitt í ljós að skilyrði fyrir slíku leyfi, sem sett eru í 3. gr. a í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa án tímamarka notkun þessarar örverublöndu eins og tilgreint er í II. viðauka.
- 11) Notkun örverunnar *Pediococcus acidilactici* (CNCM MA 18/5M) var fyrst leyfð til bráðabirgða fyrir eldiskjúklinga með reglugerð (EB) nr. 866/1999. Lögð voru fram ný gögn til stuðnings umsókn um leyfi án

tímamarka fyrir þessa örveru. Mat hefur leitt í ljós að skilyrði fyrir slíku leyfi, sem sett eru í 3. gr. a í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa án tímamarka notkun þessarar örverublöndu eins og tilgreint er í II. viðauka.

- 12) Athugun á umsóknunum sýnir að tilteknar aðgerðir eru nauðsynlegar til að vernda starfsmenn gegn váhrifum af völdum aukefnanna sem eru tilgreind í viðaukunum. Slík vernd skal tryggð með beitingu tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum⁽²⁾.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnablandan, sem tilheyrir flokknum „vaxtarhvat“ og tilgreind er í I. viðauka, er leyfð til bráðabirgða í fjögur ár sem aukefni í fódri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Efnablöndurnar, sem tilheyra flokknum „örverur“ og tilgreindar eru í II. viðauka, eru leyfðar án tímamarka sem aukefni í fódri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. júlí 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjótt. EB L 191, 7.7.1998, bls. 15.

⁽²⁾ Stjótt. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjótt. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

I. VIÐAUKI

| Skráning- arnúmer aukefnis | Nafn og skráningarnúmer þess sem ber ábyrgð á því að setja aukefni í dreifingu | Aukefni (vöskupáneiti) | Samsetning, efniformúla, lýsing | Tegund eða flokkur dýra | Hámarks- aldur | Hámarks- innihald | | Önnur ákvæði | Leyfi rennur út |
